

Mál nr. 253/2010

M

og

vátryggingafélagið X. v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 2.10.2006.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 26.8.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 3.9.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði hjá rafverktakafyrirtækinu V. Hann var staddur á vegum V í fyrirtækinu N og vann við að tengja ljós inni í kompu í húsnæði þess. Þar fór hann upp á milliloft til að ganga frá tengingum ljóssins. Milliloftið mun vera í 229 cm hæð frá gólfi, en til að komast upp á loftið notaði M tröppu með fimm þrepum og var efsta þrepið í 107 cm hæð. Þegar M ætlaði til baka niður af loftinu rann trappan undan honum með þeim afleiðingum að hann skarst á hægri upphandlegg og hlaut meiðsl á hné. Trappan sem M notaði í umrætt sinn var í eigu N.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.

Trappa sú sem M notaði til að komast upp á milliloftið var allt of lág og hentaði því ekki til verksins. Mátti M vera það ljóst. Þótt aðrar tröppur hafi ekki verið tiltækar í húsnæði N munu betri og hentugri tröppur hafa verið tiltækar í starfsstöð V og þangað átti M möguleika á að ná sér í tröppur. Ekki verður talið að slysið megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar af hálfu V. Telst ósannað að V beri ábyrgð á líkamstjóni M. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 29. september 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.